

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Lambhagavegur 27 og 29.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 8. desember 2017, breytingu á deiliskipulagi Lambhaga vegna lóða nr. 27 og 29 við Lambhagaveg. Í breytingunni felst m.a. tilfærsla á lóðarmörkum þannig að lóð Lambhagavegar 29 stækkar og lóð Lambhagavegar 27 minnkar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Alþingisreitur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 15. desember 2017, breytingu á deiliskipulagi Alþingisreits. Í breytingunni felst m.a. að skilmálum er breytt í samræmi við vinningstillögu í hönnunarsamkeppni um nýbyggingu Alþingis og að byggja litla tveggja hæða byggingu á mótum tengiganga sunnan Kirkjustrætis 10A. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lindargata 10.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 21. desember 2017, breytingu á deiliskipulagi reits 1.151.5 vegna lóðarinnar nr. 10 við Lindargötu. Í breytingunni felst m.a. að húsið við Lindargötu 10 verði gert upp og fart sem næst í upprunalegt horf, ný við-bygging verði byggð milli Lindargötu 10 og Lindargötu 12 og að nýtt lítið hús verði byggt upp að brunagafli Smiðjustígs 12. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 29. desember 2017.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2018